

From: Meike Witt
Sent: Sat, 21 Mar 2026 22:47:55 +0000
To: Haraldur Þór Jónsson; Vilborg Ástráðsdóttir; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson; Axel Árnason Njarðvík; Gunnar Örn Marteinnsson; Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: Formegt erindi til sveitarstjórnar fyrir næsta sveitarstjórnafund (1.4.2026).

Glóruhlíð, 21.3.2026

Formegt erindi til sveitarstjórnar fyrir næsta sveitarstjórnafund (1.4.2026).

Með vinsamlegri beiðni um að málið verði lagt fyrir næsta sveitarstjórnafund og fylgi gögnum fyrir sveitarstjórnarfundinn.

Á síðasta sveitarstjórnarfundum þann 18.3.2026 lagði Haraldur Þór Jónsson, oddviti sveitarfélags, eftirfarandi bókun fram:

„1. Skýrsla oddvita á 86. sveitarstjórnarfundum

Haraldur Þór Jónsson, oddviti, leggur fram eftirfarandi bókun:

Á núverandi kjörtímabili sem senn er að enda komið hefur oddviti, fyrir hönd Samvinnulistans og sveitarstjórnar, unnið markvisst að uppbyggingu Skeiða- og Gnúpverjahrepps ásamt því að vinna ötulllega að hagsmunagæslu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Það hefur verið gert með mikilli upplýsingagjöf og samvinnu í sveitarstjórn, þvert á alla lista sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn.

Allir í sveitarfélaginu vita að U-listinn hefur haft eitt meginmál sem sitt stefnumál sem er að berjast gegn því að Hvammsvirkjun verði byggð. Á kjörtímabilinu hefur einnig komið í ljós að megin stefna U-listans er að koma í veg fyrir/hindra frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu. Það má sjá með bókunum fulltrúa U-listans í sveitarstjórn þegar kemur að virkjanamálum, uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal, uppbyggingu ferðaþjónustu við Selhöfða, uppbyggingu íbúða í Árnesi og einfaldra skipulagsbreytinga hjá landeigendum innan sveitarfélagsins.

Mikilvægasta samgöngubót sem íbúar sveitarfélagsins hafa beðið eftir um langa tíð eru framkvæmdir við Búðafossveg og bygging nýrrar brúar yfir Þjórsá. Nú liggur fyrir að U-listinn hefur lagst harkalega gegn framkvæmdinni með umsögn inn í skipulagsgátt, umsögn sem inniheldur mikinn fjölda af rangfærslum. Einnig hefur Náttúrugrið kært úrskurð Skipulagsstofnunar um Búðafossveg til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en kæran byggir að meginstefnu á umsögn frá fulltrúum U-listans. Mögulegt er að kærufrelsið orsaki frestun á því að framkvæmdir við Búðafossveg hefjist á næstu vikum.

Að mati oddvita er framganga U-listans í málinu slíkur trúnaðarbrestur gagnvart samfélaginu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að ekki sé lengur forsenda fyrir frekari upplýsingagjöf og samstarfi í sveitarstjórn við U-listann. Því mun oddviti ekki lengur flytja sína skýrslu í sveitarstjórn, heldur eingöngu vinna áfram náði í samstarfi við aðra fulltrúa í sveitarstjórn.“

Ég verð að setja eftirfarandi gagnrýni fram vegna þessarar bókunar:

Í lýðræðisríkjum eru réttindi minnihlutans talin grundvallaratriði, og þau fela meðal annars í sér rétt til að mótmæla. Minnihluti hefur rétt til að tjá skoðanir sínar opinberlega, jafnvel þótt þær séu óvinsælar. Þetta er hornsteinn lýðræðis. Sveitarstjórnalög eiga að tryggja að minnihlutahópar njóti sömu réttinda og meirihluti, þar á meðal að rödd þeirra heyrist t.d. með því að bóka sérálit á sveitastjórnafundum.

Lýðræði snýst ekki bara um vilja meirihlutans — það byggir líka á því að minnihlutinn hafi raunverulegt frelsi til að gagnrýna og mótmæla þó að það sé meirihlutanum óþægilegt og þó að það tefji framkvæmdir. Í lögum um sveitarstjórnarmál (24 gr.) kemur skýrt fram að það sé skylda sveitarstjórnanna að „gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi“ og að þeim „ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitafélagsins og öðrum almannahagsmunum.“ Þannig hagsmunir geta t.d. verið atvinnuefning en þeir geta líka verið náttúruvernd.

Þá stendur í sveitarstjórnalögum í 25.gr. að „sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einugis „bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála“

[138/2011: Sveitarstjórnarlög | Lög | Alþingi](#)

Að gagnrýna fulltrúa minnihlutans fyrir bókanir (sérálit) þegar kemur „að virkjanamálum, uppbyggingu ferðabjónustu í Þjórsárdal, uppbyggingu ferðabjónustu við Selhöfða, uppbyggingu íbúða í Árnesi og einfaldra skipulagsbreytinga hjá landeigendum innan sveitarfélagsins“ er lagalega mjög hæpið enda er það lögvarinn réttur hans og jafnvel skylda (sjá 25gr.)

Nú skil ég vel að þannig bókanir, gagnrýni og kærur séu meirihlutanum til ama, að þau séu pirrandi og þreytandi en það má ekki gleymast að sveitarstjórn (ásamt meirahlutanum) hefur sjálf nýtt sjálfssagðan rétt til að mótmæla eða kæra framkvæmdir t.d. 2024 þegar sveitastjórn kærði Búrfellslund. [Skeiða- og Gnúpverjahreppur kærir virkjanaleyfi Búrfellslundar | Skeiða- og Gnúpverjahreppur](#)

Ætla má að Landsvirkjun hafi þótt kæran óskemmtileg og tefjandi.

Meirihluti Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur notið þeirrar gæfu að fá næstum öll mál í gegn í krafti mikils meirihluta. Það er varla hægt að staðhæfa að bókanir og gagnrýni fulltrúa U listans hafi stoppað mörg mál eða framkvæmdir. Í lýðræði verður meirihlutinn einfaldlega að þola gagnrýni.

Eða eins og Winston Churchill sagði svo vel:

„Many forms of Government have been tried, and will be tried in this world of sin and woe. No one pretends that democracy is perfect or all-wise. Indeed it has been said that democracy is the worst form of Government except for all those other forms that have been tried from time to time....“ Winston S Churchill, 11 November 1947

Nú telur oddvitinn í bókun sinni að ekki lengur sé “forsenda fyrir frekari upplýsingagjöf og samstarfi í sveitarstjórn við U-listann.”

Það er beinlínis brot á 28.grein í sveitstjórnarlögum sem segir :

1. **28. gr. Aðgangur að gögnum og þagnarskylda.**

- Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.
- Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

[138/2011: Sveitarstjórnarlög | Lög | Alþingi](#)

Mig langar að hvetja oddvita að draga þessa bókun frá 18.3. tilbaka og vinna áfram að því að lyðræði og sérstaklega að réttur minnihlutans til að mótmæla sé gætt í sveitastjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Ég vil taka fram að ég sé með öllu óháð og ekki bundin U-listanum á neinn hátt. Ég hefði skrifað nákvæmlega sama erindið ef gagnrýni oddvitans hefði verið beint til fulltrúa E-listans sem er einnig í minnihluta.

Með bestu kveðjum,

Meike Erika Witt Pétursdóttir